


A5054

130.1

Reykjanesbraut 970A

A5054

Skjal þetta hefur samið:
Jón Auðunn Jónsson
Hæstaréttarkennarur
Kt. 150657-3349



MÖTTE:

1 - 1200

1200

122.292

KAUPSAMNINGUR

Undirritaðir, Geymslusvæðið ehf., kt. 450791-1219, Hraungörðum, Hafnarfirði, í samningi þessum nefndur seljandi, og Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum hér með okkur svofelldan kaupsamning:

1. Hið selda:

Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa neðangreinda eign seljanda:

Spildu úr landi seljanda sem áður var hluti landareigna Þorbjarnarstaða, Straums og Litla Lambhaga, við Reykjanesbraut 970A. Fastanúmer landsins er 207-8536 og er hin selda spilda samtals u.þ.b. 40.603 fermetrar og afmarkast með hnitapunktunum 4, 1, 2, 3, 4 sbr. mæliblað útgefið af Hafnarfjarðarkaupstað í maí 2003 og sem er fylgiskjal með samningi þessum. Lega landsins kemur fram á uppdrætti á meðfylgjandi mæliblaði.


Eignin er keypt til ráðstöfunar undir nýja legu Reykjanesbrautar sunnan við athafnasvæði ALCAN í Straumsvík, í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins frá 19. desember 2002.

2. Kaupverð og greiðsluskilmálar:

Kaupverð eignarinnar er kr. 753,00 pr. fermetur eða alls kr. 30.573.000,00, skrifab- þrjátíumilljónir fimmmhundraðsjötíu og þrjúþúsund 00/100, og greiðist að fullu þegar seljandi leggur fram yfirlýsingar lánardrottna um að hin selda eign sé leyst úr veðböndum og veðbókavottorð er staðfesti það.

3. Skipulag svæðisins og afnot:

Í samræmi við fyrirlaguð afnot hinnar seldu eignar er kaupandi heimilt að byggja á svæðinu fullbúinn þjóðveg með þeim mannvirkjum, lögnum og öðru sem rekstri slíks vegar fylgir. Kaupandi skuldbindur sig til þess að vinna deiliskipulag fyrir svæðið Reykjanesbraut 970A í samvinnu og samræði við seljanda. Stefnt skal að því að deiliskipulagið verði lagt fram ásamt með nýju aðalskipulagi fyrir svæðið, haustið 2003. Verði breytingar á legu Reykjanesbrautar frá því sem nú er fyrirhugað þannig að smíð hennar í gegnum land seljanda breytist, skulu land hins selda lands breytast til samræmis. Verði landþörf kaupanda meiri við þessa breytingu skal honum standa það land til boða og mun hann þá greiða fyrir hið aukna land sama verð og kveðið er á um í þessum samningi, að teknu tilliti til breytinga sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá undirritun samningsins.



Valdi færsla Reykjanesbrautar rökun á höfum seljanda þannig að hann þurfi að kosta til við breytingar á aðkomu og girðingum geymslusvæðisins, skal kaupandi bæta honum þann kostnað að fullu. Ákvarðanir um slíkar framkvæmdir skulu lagðar undir kaupanda til samþykktar eða synjunar.

4. Afhending:

Hið selda verður afhent kaupanda þegar greiðsla kaupverðs fer fram samkvæmt 2. gr. og hirðir hann arð af hinu selda og greiðir af því skatta og skyldur frá þeim degi.

5. Útgáfa afsals:

Afsal fyrir eigninni skal gefið út þegar greiðsla kaupverðs fer fram samkvæmt 2. gr.

Kaup þessi eru gerð í samræmi við réttarsátt í héraðsdómsmálinu nr. 3543/2002, Hafnarfjarðarbær gegn Landsbanka Íslands og Geymslusvæðinu ehf. til réttargæslu. Rísi ágreiningur um túlkun sáttarinnar og/eða efni samnings þessa skal úr honum skorið fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Til staðfestu framanrituðu eru nöfn aðila undirrituð í votta viðurvist.

Hafnarfirði 2. júlí 2003

Seljandi:

Kaupandi:

pp. Geymslusvæði ehf.
kt. 450791-1219

Áskanið

Óskar Helgi Einarsson



Vottar að rétri dagsetningu,
undirritun og fjármeði aðila:

Jóhanna Þórunn Þorvaldsdóttir kt. 158657-3349
Lögmann Þorsplani
Kl. 480293-2239

kt. _____